



SVAR VIÐ FYRIRSPURN

Viðtakandi: Forsætisnefnd

Sendandi: Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Svar við fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins um móttökur á árinu 2022

Á fundi forsætisnefndar þann 2. september 2022 lagði fulltrúi Sjálfstæðisflokksins fram svohljóðandi fyrirspurn:

Óskað er eftir upplýsingum um allar móttökur, sem haldnar hafa verið á vegum Reykjavíkurborgar á árinu. Óskað er eftir sundurliðuðum upplýsingum um hvar viðkomandi móttökur hafa verið haldnar, hvenær, af hvaða tilefni, fjölda boðsgesta og kostnað.

Fyrirspurninni var vísað til umsagnar skrifstofu borgarstjóra og borgarritara með bréfi skrifstofu borgarstjórnar 7. september 2022.

Svar:

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara leggur fram yfirlit yfir opinberar móttökur á fundi forsætisnefndar eins og kveðið er á um í 5. gr. reglna um móttökur Reykjavíkurborgar. Skrifstofan hefur hins vegar ekki upplýsingar um allar móttökur sem haldnar eru á vegum borgarinnar. Eins og fram kemur í 1. gr. fyrrnefndra laga þá eru móttökur einstakra stofnana, fagsviða eða skrifstofa í miðlægri stjórnarsýslu ekki opinberar móttökur Reykjavíkurborgar. Slíkar móttökur er á ábyrgð viðkomandi sviðs.

Hjálagt má finna yfirlit yfir opinberar móttökur á árinu 2022 sem og vinnulýsingu skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um opinberar móttökur Reykjavíkurborgar. Eins og kveðið er á um í fyrrgreindri vinnulýsingu í kafla 3.3 um afgreiðslu beiðna þá eru tilgreindar á yfirlitinu upplýsingar um móttöku, staðsetningu, dagsetningu, afgreiðslu á erindafundi skrifstofu borgarstjóra og borgarritara sem og kostnaður. Ef endanlegur kostnaður liggur ekki fyrir er gerð grein fyrir áætluðum kostnaði vegna samþykkrá móttaka.

Dagný Ingadóttir

Skrifstofa borgarstjóra og borgarritara

Hjálagt:

Yfirlit yfir beiðnir um opinberar móttökur Reykjavíkurborgar

Vinnulýsing skrifstofu borgarstjóra og borgarritara um opinberar móttökur Reykjavíkurborgar